

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Njarðvíkur.

1. gr.

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,20% af framangreindu mati.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Af vatnsmælum greiðist stofngjald kr. 1.500 og fastagjald kr. 500 á ári.

3. gr.

Öll framtalin gjöld, nema vatnsskattur, eru miðuð við byggingarvísitölu 1. okt. 1984, 168 stig og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. okt. ár hvert.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framtalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 árin eftir gjalddaga þess með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfaraveði.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsskatta fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytini öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Njarðvíkur nr. 93 14. febrúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.